

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík, 10. apríl 2024
UST202403-429/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 - Áhrifasvæði Búrfellslundar

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 27. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 vegna áhrifasvæðis Búrfellslundar.

Í greinargerð kemur fram að sett verður inn nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði austan við Sultartangastöð, skammt frá Þjórsá. Þar verður heimilt að vera með áningarstað, gistingu, tjaldsvæði og veitingar í tengslum við útivist og afþreyingu á svæðinu og í nágrenni þess. Gert er ráð fyrir rekstri allt árið. Svæðið er innan þjóðlendu og marka miðhálandisins. Við staðsetningu svæðisins verður tekið tillit til helgunarsvæðis háspennulína og lágmarks fjarlægðar frá Þjórsá.

Auk þess segir að stefna vegna áhrifasvæðis vindorkuvers Búrfellslundar verður á þá leið að öll neikvæð umhverfisáhrif sem kunna að verða vegna fyrirhugaðs Búrfellslundar og geta skert möguleika til landnýtingar innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru óheimil innan marka sveitarfélagsins. Til dæmis á þetta við um skuggavarp frá vindmyllum, ískast vegna ísingar á spöðum, skerðingu á víðernum, sýnileika og ásýnd vindmylla ásamt hljóðvist.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri